

Adalskipulag Fljótshálsa 2008-2028, sveitarfélagsuppdráttur (m.s.br.)




Afmörkun skipulagssvæðis 967 ha
Löfmynd: Loftmynd ehf.



RAMMAHLUTI AÐALSKIPULAGS FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2008-2028

Ferðapjónustu- og áfangastaðurinn Stuðlagil



Útsýnissvæði við Stuðlagil

Stuðlagil í Efri Jökuldal hefur á skömmum tíma orðið að einum vinsælasta áfangastað ferðamanna á Austurlandi. Áfangastaðurinn þarfnast frekari uppbyggingar til að bregðast við aukinni aðsókn ferðamanna að viðkvæmri náttúru. Haustið 2021 hóf Austurbrú stefnumótun fyrir skipulag svæðisins í samstarfi við sveitarfélagið Múlaþing, landeigendur og Teiknistofu Norðurlands.

Skipulagslýsing gerir grein fyrir vinnu við gerð rammahluta aðalskipulags Fljótshálsa 2008-2028 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með rammahluta aðalskipulags er afmarkað svæði innan sveitarfélagsins útfært nánar með stefnumótun um meginþætti ferðapjónustu, náttúruverndar og landnotkunar. Skipulagslýsingin er upphaf skipulagsvinnunnar og með kynningu á henni gefst hagsmunaaðilum og íbúum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið við upphaf skipulagsvinnu.

Tengsl við aðrar áætlanir

Skipulagið verður unnið í samræmi við Landsskipulagsstefnu og Svæðisskipulag Austurlands sem nú er í vinnslu. Jafnframt er skipulagið nánari útfærsla á Aðalskipulagi Fljótshálsa 2008-2028. Eitt deiliskipulag er í gildi á svæðinu, það er deiliskipulag fyrir ferðapjónustu að Grund, Jökuldal.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er um 967 hektarar að stærð og er innan landamerkja eftirtalinnna jarða: Klaustursels, Hákonarstaða, Breiðalækjar, Grundar og Skriðuklausturs/Brattagerðis. Svæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Fljótshálsa 2008-2028 á landnotkunarreitum fyrir landbúnaðar- og óbyggð svæði. Innan skipulagssvæðis eru minni landnotkunarreitir fyrir verslunar- og þjónustusvæði, frístundabyggð, frístundabyggð, opið svæði og efnistökusvæði.

Rammaskipulagið gerir ráð fyrir að deiliskipulag, eitt eða fleiri, geti verið unnin fyrir hverja og eina jörð. Öll uppbygging á ferðapjónustu innan skipulagsmarkanna verður byggð á ákvæðum rammaskipulagsins en gott samráð verður haft við hagaðila sem tengjast svæðinu við gerð skipulagsins.

Viðfangsefni

Markmið skipulagsins er að setja fram stefnur um framtíðaruppbyggingu við ferðapjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil. Ætlunin er að efla ferðamennsku á svæðinu en um leið draga úr álagi á viðkvæmum svæðum, tryggja öryggi og ánægjulega upplifun gesta samhliða annarri atvinnustarfsemi á svæðinu.

Í rammaskipulaginu verður gert grein fyrir landnotkun og uppbyggingu tengdri ferðapjónustu á svæðinu. Fjallað verður um ásýnd mannvirkja og lagðar fram stefnur um öryggi og náttúruvernd. Samhliða skipulaginu er unnin þolmarkagreining af verkfræðistofunni Eflu til að ákvarða þörf og þolmörk uppbyggingar. Viðfangsefni rammaskipulagsins verða skipt í eftirfarandi þemu:

Ferðapjónustuaðilar	Merkingar	Náttúra og vernd	Útlit mannvirkja
Sett verður fram stefna hvar þörf sé á að byggja upp þjónustu fyrir ferðamenn.	Stefna um samræmdar merkingar fyrir umferðarstjórnun, leiðarlýsingar og almennar sögu- og jarðfræðifróðleik.	Stefna um vernd náttúruvinnna og aðgengi að náttúru.	Uppbygging stíga, skilta, göngupalla, útsýnispalla og annarra mannvirkja hafi samræmt útlit og samræmda notkun efnivíðar.
Samgöngur	Saga og fornminjar	Öryggi	
Aðkomuvegir, bílastæð og stígakerfi skilgreint. Með stígakerfi er m.a. átt við gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjálaleiðir.	Stefna um verndun fornminna á svæðinu og aðgengi fyrir söguslóðir.	Skilgreining á hættusvæðum og stefna um öryggismál.	

ÁHRIFAMAT

Rammahluti mun ekki gera ráð fyrir matsskyldum framkvæmdum sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Lagt verður mat á áhrif stefnunnar á valda umhverfisþætti í samræmi við 4.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og lagðar til viðeigandi mótvægisáðgerðir.

Skipulagið er jafnframt stefnumótun fyrir innviðaupbyggingu sem beinir umferð ferðamanna um svæðið. Stuðlafoss er á Náttúruminjaskrá en 95 ha svæði við Stuðlafoss og Stuðlagil er tilnefnt á Náttúruminjaskrá vegna náttúruminja.

Skipulagssvæðið er á og við mikilvægt fugla- og votlendissvæði á Jökuldalsheiði en samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands er þar alþjóðlegt varpland álfta og heiðagæsa. Svæðið er tilnefnt vegna ferskvatnsvistgerða í Náttúruminjaskrá.

Fornleifaskráningar hafa farið fram víða á svæðinu og tekið verður mið af þekktum fornminjum í skipulaginu og vísað til 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 um áður ókunnar minjar.

SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing þessi verður auglýst í Dagskránni á Austurlandi, hún verður aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins og heimasíðu þess www.mulathing.is. Kynning á lýsingunni verður birt fimmtudaginn 16. desember 2021 á Facebook síðu Múlaþings www.facebook.com/mulathing. Almennangi er gefinn kostur á að senda inn ábendingar og/eða athugasemdir um efni lýsingarinnar og fyrirhugað rammaskipulag til og með 6. janúar 2022. Leitað verður umsagna til samráðsaðila og lögbundinna umsagnaraðila. Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar „Stuðlagil - rammaskipulag“ og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Þær skal senda á:

Skipulagsfulltrúi Múlaþing
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
eða á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is

Í framhaldi verður unnin tillaga að rammahluta aðalskipulags sem kynnt verður á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt. Að lokinni kynningu verður tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu og send Skipulagsstofnun. Þá verður fullunnin tillaga auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga með sex vikna athugasemdafresti. Sveitarstjórn mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á tillögunni skal auglýsa hana að nýju. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að rammahluta aðalskipulags er hún send Skipulagsstofnun sem staðfestir tillöguna og auglýsir í B-deild Stjórnartíðinda. Áætluð tímalína skipulagsferlis er eftirfarandi:

Lýsing auglýst	Drög að deiliskipulagi kynnt	Tillaga auglýst	Gildistaka
Desember 2021	Janúar/febrúar 2022	Mars/apríl 2022	Sumarið 2022

Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 600 Akureyri
Heimasíða: tsn.is



RAMMAHLUTI AÐALSKIPULAGS FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2008-2028 Ferðapjónustu- og áfangastaðurinn Stuðlagil

Skipulagslýsing

KVARDI A1 1:15000	DAGS. 26. nóvember 2021	SKIPULAG: AÐÓ, AKG	TEIKNAD: AKG
VERKNR. AS2101	TEIKN nr. 1		Br.